

Þingsetning.

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Jón Ingi Þorvaldsson var einróma kosinn fundarstjóri og Reinharð Reinharðsson ritari þingsins.

Kosnar fastar nefndir.

- a. Kjörbrefanefnd.
Bjarni Örn Kærnested, Halldór Svavarsson og Ólafur Helgi Hreinsson.
- b. Fjárlaganefnd.
Indriði Jónsson, Perla Thorsteinson og Ólafur Wallevik.
- c. Laga- og leikreglanefnd.
Helgi Jóhannesson, Gunnlaugur Sigurðsson og Matthías B. Matthíasson.
- d. Allsherjarnefnd.
Guðrún Bentsdóttir, Ari Sverrisson, Rúnar Ingi Ásgeirsson og Birkir Björnsson.
- e. Kjörnefnd.
Ólafur Helgi Hreinsson, Gunnar Örn Sigurðsson og Siggeir Valdimarsson.

Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Ólafur Wallevik, formaður KAÍ, flutti skýrslu stjórnar. Það sem helst ber að nefna í starfi sambandsins á árinu er ráðning nýs landsliðsþjálfara, Allan Busk, frá Danmörku, en hann er einn efnilegasti keppandi í kumite á Norðulöndum og eru miklar vonir bundnar við starf hans með landsliði Íslands. Ráðning hans var gerð möguleg með veglegum styrk frá ÍSÍ. Af árangri einstakra landsliðsmann á árinu stendur hæst að Jón Ingi Þorvaldsson komst í 16 manna úrslit í sínum þyngdarflokki á HM 2002. Stjórn KAÍ gef út upplýsingabækling um Karate á árinum og hefur honum verið dreift til félaganna. Einnig er verið að leggja lokahönd á útgáfu myndbands um karate sem dreift verður til félaganna og fjölmiðla. Stefnt er að því að auka veg kata í landsliðinu og er þegar búið að hafa eina æfingu og stefnt að því að halda þeim áfram á árinu. Ávarp formannsins er birt í heild sinni í ársskýrslu stjórnar.

Fulltrúi ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, ávarpaði þingið.

Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Indriði Jónsson gjaldkeri KAÍ lagði fram endurskoðað reikninga sambandsins til samþykktar. Í fyrsta sinn voru þeir miðaðir við almanaksárið, þ.e. frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2002. Nokkur hagnaður var af rekstri sambandsins á síðasta ári og kom hann helst til af auknum framlögum frá ÍSÍ vegna Lottos. Reikningarnir eru birtir í heild í ársskýrslu stjórnar. Reikningarnir voru samþykktir einróma.

Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.

Samþykkt var að vísa gerð fjárhagsáætlunar til fjárlaganefndar.

Tillögur um breytingar á lögum og leikreglum.

Lagðar voru fram þrjár tillögur að breytingum á Reglum um Íslandsmót. Samþykkt var að vísa þeim til laga- og leikreglanefndar.

Aðrar tillögur og önnur mál.

Lögð fram áskorun til stjórnar að hvetja félögin til að standa betur að skráningu á mót á vegum KAÍ.
Helgi Jóhannesson kynnti tillöguna.
Samþykkt að vísa henni til allsherjarnefndar.

Lögð fram tillaga um að stjórn KAÍ gefi út Mótabók um framkvæmd og leiðbeiningar við mótahald.
Helgi Jóhannesson mælti fyrir tillögunni.
Samþykkt að vísa henni til allsherjarnefndar.

Málum og tillögum vísað til nefnda.

Fundarstjóri vísaði málum til nefnda. Nefndir fjalla um tillögurnar í þinghléi.

ÞINGHLÉ

Nefndarálit.

Kjörbréfanefnd.

Halldór Svavarsson, formaður kjörbréfanefndar, lýsti alla fulltrúa á Karateþingi lögmæta.

Laga- og leikreglanefnd.

Helgi Jóhannesson kynnti tillögur nefndarinnar um breytingar á Reglum um Íslandsmeistaramót.

I. 8. gr.

Á Íslandsmeistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

...

9. Liðakeppni karla (5 manna sveitir).

...

verði:

9. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).

Samþykkt með 18 atkvæðum gegn 1.

II. 8. gr.

“Þeir sem ekki eru orðnir 13 ára eða eru orðnir 21 árs á mótsdegi geta ekki keppt.”

“Þeir sem eru orðnir 13 ára á mótsdegi geta ekki keppt.”

“Þeir sem ekki eru orðnir 13 ára eða eru orðnir 21 árs á mótsdegi geta ekki keppt.”

Falli niður.

Samþykkt samhljóða.

III: 8. gr.

Á Unglingameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata tánínga 13 ára.
2. Kata tánínga 14 ára.
3. Kata unglínga 15 og 16 ára.
4. Kata eldri unglínga 17 og 18 ára

5. Kata juniora 19 og 20 ára.
6. Hópkata táninga 13 og 14 ára.
7. Hópkata táninga 15 til 17 ára.
8. Hópkata juniora 18 til 20 ára.

verði:

Á Unglingameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata táninga 13 ára.
2. Kata táninga 14 ára.
3. Kata pílta kadetar 15 og 16 ára.
4. Kata stúlkna kadetar 15 og 16 ára.
5. Kata pílta juniorar 17 til 20 ára.
6. Kata stúlkna juniorar 17 til 20 ára.
7. Hópkata táninga 13 og 14 ára.
8. Hópkata táninga 15 og 16 ára.
9. Hópkata juniora 17 til 20 ára.

Samþykkt samhljóða.

IV. 8. gr.

Á unglíngameistaramótinu skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur bera a.m.k. 9. kyu. Í kata skulu drengir og stúlkur keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem meirihluti sveitar skyldi keppa í.

verði:

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur bera a.m.k. 9. kyu. Í kata skulu drengir og stúlkur yngri en 15 ára keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem meirihluti sveitar skyldi keppa í.

Samþykkt samhljóða.

V. 11. gr.

Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu.

við bætist: Sjá viðauka yfir kata viðurkenndar af KAÍ.

Samþykkt samhljóða.

VI. 11. gr.

Dómarar í úrslitum skulu ávalt vera þrír...

verði:

Dómarar í úrslitum skulu ávalt vera fimm...

Samþykkt samhljóða.

VII. 19. gr.

nema sveitakeppni karla í kumite þar sem stigin skulu vera þreföld fyrir hvert sæti og í sveitakeppni kvenna þar sem stigin skulu vera tvöföld fyrir hvert sæti.

verði:

Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

Samþykkt samhljóða.

VIII. 8. gr.

Á Íslandsmeistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

...

5. Kumite karla, -73 kg.

...

verði:

5. Kumite karla, - 70 kg.

6. Kumite karla, - 75 kg.

Samþykkt með 5 atkvæðum gegn engu.

IX. 5. gr.

Það skal þó aldrei vera færri en þrír í einstaklingsgreinum.

verði:

Það skal þó aldrei vera færri en fjórir í einstaklingsgreinum.

Samþykkt samhljóða.

Fjárhagsnefnd.

Indriði Jónsson, formaður fjárlaganefndar, lagði fram tillögu nefndarinnar að fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Fjárhagsáætlun 2003

Tekjur	næsta starfsár	rauntölur 2002
Aðildarfélög	280.000	252.600
Lottóstyrkur	1.200.000	1.465.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	670.000	998.000
Mótahald	360.000	358.900

Annað	10.000	
	2.520.000	3.074.500

Gjöld

Mótahald	400.000	423.786
Landsliðsþjálfari	400.000	426.174
Landslið		1.115.930
- kumite	1.100.000	
- kata	250.000	
<i>Kynningarmál</i>	<i>250.000</i>	66.331
<i>Námskeið</i>	<i>250.000</i>	3.000
<i>Rekstur skrifstofu</i>	<i>200.000</i>	112.165
Annað	250.000	125.702
	3.100.000	2.273.088

- 580.000 801.412

Meðlimagjald 200

Áætlunin var samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd.

Guðrún Bentsdóttir, formaður allsherjarnefndar, kynnti tvær tillögur nefndarinnar.

1. Nefndin mælir með því að félögin bæti skáninguna fyrir mót á vegum KAÍ og þá sérstaklega á barna- og unglingamótum. Mælt er með því að félögin fái skriflegt samþykki forráðamanna fyrir þátttöku barna og unglinga undir 16 ára aldri á mótum.

2. Allsherjarnefnd leggur til að stjórn KAÍ sjái til þess að útbúin verði Mótabók fyrir sambandið með upplýsingum og leiðbeiningum fyrir aðildarfélögin um framkvæmd móta.

Samþykkt að vísa tillögunum til stjórnar KAÍ.

Kjörnefnd:

Ólafur Helgi Hreinsson, formaður nefndarinnar, lagði til að núverandi stjórn yrði endurkjörin þar sem allir stjórnarmenn gæfu kost á sér til áframhaldandi starfa. Í stjórn eru:

Ólafur Wallevik, formaður
 Halldór Svavarsson, varaformaður
 Indriði Jónsson, gjaldkeri
 Reinharð Reinharðsson, ritari
 Ingólfur Snorrason, meðstjórnandi

Einn varamaður gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Nefndin stakk upp á Perlu Thorsteinsson í hans stað.

Endurskoðendur verði endurkjörnir.

Önnur mál.

Reinharð Reinharðsson kynnti komu Sensei Morio Higaonna, 9. dan, til Íslands en hann verður í boði Karatefélags Reykjavíkur, 9. – 11. maí með æfingabúðir í tilefni af 30 ára afmæli Karatefélagsins.

Ólafur Helgi Hreinsson óskaði eftir því að í samvinnu við landsliðsþjálfarann yrði reynt að efla fræðslu og æfingar hjá dómurum.

Ólafur Wallevik kynnti Icelandic Open sem stefnt er að halda haustið 2004 eða 2005 að tillögu landsliðsþjálfarans.

Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði. Stjórnin var endurkjörin einróma með lófataki. Í stjórn KAÍ eru því:

Ólafur Wallevik, formaður
Halldór Svavarsson, varaformaður
Indriði Jónsson, gjaldkeri
Reinharð Reinharðsson, ritari
Ingólfur Snorrason, meðstjórnandi

Tillaga kjörnefndar um varamenn í stjórn var samþykkt einróma með lófataki. Í varastjórn eru því:

Hólmfríður Þórisdóttir
Jón Ingi Þorvaldsson
Perla Thorsteinson

Tillag kjörnefndar um að endurskoðendur var samþykkt einróma með lófataki. Endurskoðendur reikninga KAÍ eru því:

Helgi Jóhannesson
Jón Ingi Þorvaldsson

Kjör 5 manna í aganefnd og 3 til vara.

Tillaga kjörnefndar var aganefnd yrði óbreytt. Aganefnd var endurkjörin einróma. Í henni eru áfram:

Vincente Carrasco
Ólafur Helgi Hreinsson
Ásmundur Ísak Jónsson
Gunnlaugur Sigurðsson
Magnús Kr. Eyjólfsson.

Val fulltrúa á Íþróttabing.

Ákvörðuninni var vísað til stjórnar.

Kjör karateljósmyndar ársins.

Lagt var til að veita Finni Þorgeirssyni viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu karate en hann hefur tekið upp á myndbönd öll mót síðustu tveggja ára.

Samþykkt einróma.

Þinggerð lesin og samþykkt.

Lagt var til að þessum lið yrði frestað og ritari þingsins sendi þinggerði til undirritunar og hún yrði síðan send til félaganna eftir samþykki. Samþykkt einróma.

Þingslit.

Formaður KAÍ, Ólafur Wallevik, þakkaði starfmönnum þingsins vel unni störf og þakkaði öllum þingfulltrúum fyrir samstarfið á þinginu og óskaði þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Hann sleit því næst 16. karateþingi.

Þingritari,

Reinharð Reinharðsson.

Þinggerð samþykkt og undirrituð:

Helgi Jóhannesson

Jón Ingi Þorvaldsson